



Lífeyrisauki

Fjárfestingar-
stefna

2026

Efnisyfirlit

Fjárfestingarumhverfi	4
Forsendur fjárfestingarstefnu.....	6
Stefna og viðmið um ávöxtun og áhættu	8
Fjárfestingarstefna	10
Önnur atriði	18
Undirritun vörsluaðila séreignarsparnaðar.....	22
Fylgiskjöl	24
Stefna um ábyrgar fjárfestingar	32

Fjárfestingarumhverfi

Hagkerfið

Viðspyrna íslenska hagkerfisins eftir efnahagsáföll síðustu ára hefur verið öflug, en ferlinu er ekki að fullu lokið þrátt fyrir að mikið hafi áunnist. Verg landsframleiðsla dróst saman á síðasta ári og verðbólga sveiflaðist í kringum 4% á árinu. Dregið hefur verið úr spennu á vinnumarkaði og atvinnuleysi mældist 5,3% á fyrstu níu mánuðum ársins, sem er hærra en það hefur verið miðað við lok september.

Ferðapjónustan hefur verið afar sterk undanfarið og náði hámarki síðastliðið sumar, þegar fjöldi ferðamanna sem heimsóttu landið sló sögulegt met. Mikil umsvif í greininni hafa haft jákvæð áhrif á efnahagslífið og styrkt útflutningsgrunn þjóðarbúsins. Á sama tíma hefur krónan styrkst á árinu, einkum gagnvart bandaríkjadal, í kjölfar tollastefnu Donalds Trump sem hefur haft áhrif á gjaldeyrisflæði og væntingar á alþjóðamörkuðum. Við blasa ýmsar áskoranir og ekki eru lengur horfur á áframhaldandi vexti helstu útflutningsgreina líkt og áður var gert fyrir. Gert er ráð fyrir að vöruútflutningur í heild dragist saman um 4,2% á næsta ári.

Að halda aftur af hækkandi verðlagi er ein af stærstu áskorunum seðlabanka víða um heim, og Seðlabanki Íslands er þar engin undantekning. Verðbólga hefur lengi verið yfir markmiði og reynst þrálátari en spár gerðu ráð fyrir. Kostnaður vegna húsnæðis hefur verið megindrífkraftur verðbólgunnar hér á landi á undanförunum misserum, og stóð vísitala neysluverðs í 4,1% og án húsnæðis í 3,2% á fyrstu níu mánuðum ársins. Til samanburðar var vísitala neysluverðs í byrjun árs 4,6% og vísitala neysluverðs án húsnæðis 3,0%.

Verðbólga og stýrivextir

Vaxtalækkunarferlið sem hófst undir lok árs 2024 hefur verið í ákveðinni biðstöðu eftir að Peningastefnunefnd ákvað að halda meginvöxtum óbreyttum í 7,5% í júní sl. Sú niðurstaða var í samræmi við væntingar markaðsaðila. Óvænt ákvörðun nefndarinnar um vaxtalækkun 19. nóvember sl. breytti meginvöxtum í 7,25%. Helstu rök nefndarinnar voru:

- **Verðbólguþróun:** Verðbólga mælist enn yfir markmiði Seðlabankans sem er 2,5% og spá Seðlabankans gerir ráð fyrir að hún fari hækkandi á næstu mánuðum áður en hún hjaðnar á ný á árinu 2026. Óvissa um verðbólguhorfur er þó áfram mikil.
- **Raunvaxtaaðhald:** Núverandi raunvextir hafa haldist á bilinu 3,5–4% frá mars í fyrra og nefndin telur ekki svigrúm til að slaka á því aðhaldi enn sem komið er.
- **Efnahagsumsvif:** Dregið hefur verulega úr spennu í þjóðarþúinu, sérstaklega á húsnæðis- og vinnumarkaði.
- **Hagvaxtarhorfur:** Ný þjóðhagsspa Seðlabankans gerir ráð fyrir hægari hagvexti en áður var talið.

Nefndin ítrekar að frekari vaxtalækkanir eru háðar því að verðbólga færist nær markmiði Seðlabankans um 2,5% og að þróun efnahagsumsvifa, verðbólgu og verðbólguvæntinga ráði för næstu misseri.

Skuldabréfamarkaður

Á skuldabréfamarkaði hefur ávöxtunarkrafa þróast í sitt hvora áttina eftir því hvort bréfin eru verðtryggð eða óverðtryggð.

Ávöxtunarkrafa verðtryggðra ríkisbréfa hefur hækkað á fyrstu níu mánuðum ársins, einkum á styttri endanum. Krafan á RIKS 26 0216 hefur hækkað mest, eða um 1,87 prósentustig, og stendur nú í 6,40% samanborið við 4,53% í byrjun árs. Hækkun ávöxtunarkröfu á styttri verðtryggðum bréfum, líkt og RIKS 26 0216, er að hluta tæknileg þar sem bréfið nálgast lokagjalddaga og ráða því skammtímavæntingar um verðbólgu mestu um ávöxtunarkröfu flokksins. Ávöxtunarkrafa lengri flokka hefur hækkað minna; ávöxtunarkrafa RIKS 30 0701 hefur hækkað um 0,43 prósentustig og RIKS 37 0115 um 0,36 prósentustig.

Vaxtaferill verðtryggðra ríkisskuldabréfa hefur því orðið brattari niður á við, þar sem ávöxtunarkrafa styttri bréfa hefur hækkað meira en sú lengri. Þessi þróun bendir til þess að fjárfestar búist við að raunvextir haldist háir til skemmri tíma, en að markaðurinn sjái síðan fyrir lækkun raunvaxta en útlit var fyrir í upphafi árs.

Ávöxtunarkrafa óverðtryggðra ríkisbréfa hefur aftur á móti lækkað á árinu, sérstaklega á styttri endanum. Krafan á RIKB 26 1015 hefur lækkað mest, eða um 0,52 prósentustig, og stendur nú í 7,35%. Svipuð þróun sést í RIKB 27 0415, sem hefur lækkað um 0,45 prósentustig, en á lengri endanum hefur krafa annaðhvort haldist stöðug eða hækkað lítillega, til dæmis hefur RIKB 35 0917 hækkað um 0,26 prósentustig. Vaxtaferill óverðtryggðra ríkisskuldabréfa hefur því orðið flatari á árinu sem endurspeglar væntingar um að vextir fari lakkandi en verði þó hærri í lengri tíma en áður var gert ráð fyrir.

Meðalverðbólguvæntingar til næstu ára eru áætlaðar á bilinu 3–3,5% sem er enn yfir verðbólguþröng Seðlabankans. Verðbólga mælist nú um 4%, sem er lægra en í fyrra en þó ekki í markmiði Seðlabankans.

Hlutabréfamarkaður

Á hlutabréfamörkuðum hefur þróunin verið blendin á fyrstu níu mánuðum ársins. Vísitalan S&P 500 hefur hækkað um 14,8% í bandaríkjadal en 0,2% í íslenskum krónum og MSCI heimsvísitala um 16,2% í bandaríkjadal en aðeins 1,4%, í íslenskum krónum, drifin áfram af áframhaldandi vexti tæknifyrirtækja og væntingum um frekari vaxtalækkanir erlendis. Tollastefna Donalds Trump hefur haft áhrif á þróun alþjóðaviðskipta á árinu og stuðlað að auknum sveiflum á hlutabréfamörkuðum. Þróun á innlendum markaði hefur verið neikvæð, þar sem hlutabréfavísitalan OMXI15 hefur lækkað um 10%. Einungis fimm félög í Kauphöllinni hafa sýnt jákvæða ávöxtun frá áramótum til lok september þessa árs. Þetta má rekja til varfærni fjárfesta og hamlandi áhrifa hárar vaxta á innlenda fjárfestingu og áhættuvilja.

Seðlabankar heimsins hafa farið varlega í vaxtalækkanir á þessu ári, en Seðlabanki Íslands hefur einnig farið varlegar í að lækka vexti vegna þrálátrar verðbólgu og líklegt að raunstyrivextir haldist háir næstu mánuðum. Þetta vaxtastig hefur haft áhrif á fjárfestingarákvarðanir hér á landi, þar sem fjárfestar hafa haldið að sér höndum, á meðan væntingar um áframhaldandi lækkun vaxta erlendis hafa stutt við eftirspurn eftir áhættusamari eignaflokkum.

Erlendir hlutabréfamarkaðir hafa staðið nokkuð sterkt þrátt fyrir áframhaldandi efnahagslega óvissu sem tengist bæði stríðsátökum og alþjóðaviðskiptum. Líkt og undanfarin ár hefur ávöxtun verið mjög einhæf, þar sem fá stór tæknifyrirtæki hafa haldið áfram að drífa markaðinn upp á við. Á heimsvísu hafa fjárfestar jafnframt fylgst grannt með stefnu Bandaríkjastjórnar sem tók við völdum í upphafi árs. Nýjar áherslur hennar í viðskipta- og efnahagsmálum hafa haft veruleg áhrif á væntingar markaðarins og veiking bandaríska dollarans hefur sett svip á þróun alþjóðlegra fjármálamarkaða á árinu 2025.

Forsendur fjárfestingarstefnu

Í 39. gr. b. laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða kemur fram að vörsluaðilar séreignarsparnaðar skulu móta og kunngefa fjárfestingarstefnu fyrir hverja fjárfestingarleið. Ávaxta skal fé fjárfestingarleiða í samræmi við eftirtaldar reglur og innan þeirra marka sem lögin setja.

1. Hafa skal hagsmuni sjóðfélaga að leiðarljósi.
2. Horfa skal til aldursamsetningar sjóðfélaga og annarra þátta sem hafa áhrif á inn- og útlæði úr sjóðnum.
3. Allar fjárfestingar skulu byggðar á viðeigandi greiningu á upplýsingum um öryggi, gæði, lausafjárstöðu og arðsemi safnsins í heild í huga.
4. Gæta skal þess að eignir sjóðsins séu nægilega fjölbreyttar til að komið sé í veg fyrir samþjöppun og uppsöfnun áhættu í eignasafninu, m.a. með því að gæta að fylgni áhættu einstakra eigna og eignaflokka.
5. Setja skal siðferðileg viðmið í fjárfestingum.

Vörsluaðilar séreignarsparnaðar skulu senda upplýsingar um fjárfestingarstefnu sína fyrir komandi ár til Fjármálaeftirlitsins eigi síðar en 1. desember ár hvert. Fjárfestingarstefnan er birt á heimasíðu sjóðsins.

Eignir Lífeyrisauka skulu ávaxtaðar í samræmi við lög, einkum 36. gr. b. laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, samkvæmt reglum sjóðsins og samkvæmt nánari reglugerð fjármála- og efnahagsráðuneytisins.

Um fjöllum um réttindakerfi

Lífeyrisauki var stofnaður árið 1999 og er nú stærsti og fjölmennasti sjóður á Íslandi sem eingöngu tekur við viðbótarlífeyrissparnaði. Stærð hans í árslok 2024 var 168,7 milljarðar króna og fjöldi sjóðfélaga 77.265 talsins.

Lífeyrisauki býður upp á sjö mismunandi fjárfestingarleiðir sem taka eingöngu við viðbótarlífeyrissparnaði.

Fjárfestingarleiðirnar sjö eru með mismunandi áhættustigi til að mæta ólíkum þörfum og geta sjóðfélagar valið fjárfestingarleið, m.a. miðað við aldur viðkomandi. Einnig stendur sjóðfélögum til boða ævilína þar sem inneign sjóðfélaga færist sjálfkrafa á milli fjárfestingarleiða og þannig minnkar áhætta eignsafnsins eftir aldri. Velji sjóðfélagi enga fjárfestingarleið við inngöngu í sjóðinn er iðgjöldum ráðstafað samkvæmt ævilínu.

Flutningur samkvæmt ævilínu fer þannig fram að inneign er flutt á milli fjárfestingarleiða 1-5 eftir aldri sjóðfélaga í jöfnum áföngum á fimm árum. Á mynd 1 má sjá yfirlit yfir ævilínuna.

Í fjárfestingarstefnu 2021 var gerð breyting á ævilínu Lífeyrisauka. Eignasafn Lífeyrisauka 5 hefur einkennst af innlánum en mun nú samanstanda af innlendum skuldabréfum. Sú leið bar heitið Lífeyrisauki innlend skuldabréf varð að leið 5 og fyrrum leið 5 ber nú heitið Lífeyrisauki innlán og er ekki hluti af ævilínu.

	Lífeyrisauki 1	Lífeyrisauki 2	Lífeyrisauki 3	Lífeyrisauki 4	Lífeyrisauki 5 innlend skuldabréf
Ævilína	30 ára og yngri	31-40 ára	41-54 ára	55-60 ára	61 árs og eldri

Mynd 1. Ævilína Lífeyrisauka – yfirlitsmynd

Siðferðileg viðmið

Sjóðurinn leggur áherslu á siðferðileg gildi við fjárfestingarákvarðanir sínar og er meðvitaður um þá staðreynd að fjárfestingarákvarðanir hans hafa áhrif á ólíka hagsmunaaðila og samfélagið í heild sinni. Sjóðurinn hefur sett sér stefnu um ábyrgar fjárfestingar sem er að finna í viðauka með fjárfestingarstefnu þessari. Stefnan markar stefnu sjóðsins um siðferðileg viðmið í fjárfestingum sem lífeyrissjóðum ber að setja sér samkvæmt 36. gr. laga nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

Núverandi eignasamsetning

Eignasamsetning fjárfestingarleiða sjóðsins er í meginatriðum samsvarandi og markmið um eignasamsetningu samkvæmt fjárfestingarstefnu. Fjárfestingarstefna sjóðsins er að jafnaði endurskoðuð árlega, vikmörk eru nýtt í samræmi við markaðsaðstæður og þar með er ekki sett fram áætlun um hvenær markmiði um eignasamsetningu skuli náð sbr. 7. gr. reglugerðar nr. 916, um fjárfestingarstefnu og úttekt á ávöxtun lífeyrissjóða og vörsluaðila séreignarsparnaðar. Markmiðið er endurmetið á ári hverju í samræmi við breytingar á eignasamsetningu á liðnu ári.

Eignasamsetning er innan vikmarka fyrir alla eignaflokka og hefur því ekki takmarkandi áhrif á mögulega fjárfestingarstefnu umfram ákvæði laga nr. 129/1997.

Stefna og viðmið um ávöxtun og áhættu

Fjárfestingarstefnunni er ætlað að tryggja að eignir sjóðsins séu nægjanlega fjölbreyttar þannig að dregið sér úr líkum á því að áhætta safnist upp við að treyst sé óþarflega mikið á tiltekna eign, útgefanda, fyrirtækjasamsteypu, atvinnugrein eða eignaflokk. Sjá nánar í kafla 4. Jafnframt er horft til áhættu af hverri eign fyrir sig og áhrifum þeirra á heildaráhættu safnsins, auk samspils áhættu einstakra eigna og eignaflokka við fjárfestingarákvarðanir.

Langtímamarkmið stjórnar lífeyrissjóðsins er að ná hærri raunávöxtun en fæst með því að fjárfesta eingöngu í ríkisskuldabréfum og að flökt (mælt með staðalfrávik) í ávöxtun sé í samræmi við flökt einstakra eignaflokka sjóðsins á hverjum tíma samkvæmt fjárfestingarstefnu sjóðsins.

Vænt nafnávöxtun og vænt flökt er byggð á mati út frá grunnforsendum, markaðs-aðstæðum og framtíðarhorfum hvers eignaflokks fyrir sig. Við matið er einnig tekið tillit til líftíma á viðmiði skuldabréfasafnsins.

Í töflu 1 má sjá yfirlit yfir vænta ávöxtun og flökt eignaflokkanna sem mynda forsendur fyrir væntri ávöxtun eignasafns. Vænta ávöxtun og flökt fjárfestingarleiða Lífeyrisauka miðað við framangreindar forsendur og fjárfestingarstefnu 2026 má sjá í töflu 2.

Eignaflokkur	Vænt ávöxtun	Flökt (staðalfrávik)
Innlend skuldabréf	9,2%	7,6%
Erlend skuldabréf	4,2%	8,1%
Erlend hlutabréf	9,5%	19,8%
Innlend hlutabréf	13,0%	29,7%
Sérhæfðar innlendar fjárfestingar	16,0%	39,6%
Sérhæfðar erlendar fjárfestingar	10,2%	31,8%

Tafla 1. Forsendur fyrir væntri nafnávöxtun.

Eignaflokkur	1	2	3	4	5	IL	EV
Innlán*	-	-	-	-	-	100%	-
Innlend skuldabréf	26%	43%	61%	76%	100%	-	1%
Erlend skuldabréf	1%	1%	2%	2%	0%	-	14%
Erlend hlutabréf	49%	34%	20%	11%	0%	-	80%
Innlend hlutabréf	11%	9%	7%	4%	0%	-	0%
Sérhæfðar innlendar fjárfestingar	5%	5%	4%	2%	0%	-	0%
Sérhæfðar erlendar fjárfestingar	8%	8%	6%	5%	0%	-	5%
Vænt nafnvöxtun eignasafns	10,1%	10,0%	9,7%	9,4%	8,4%	5,5%	8,8%
Vænt verðbólga	3,5%	3,5%	3,5%	3,5%	3,5%	3,5%	3,5%
Vænt raunávöxtun eignasafns	6,4%	6,3%	6,0%	5,7%	4,8%	2,0%	5,1%
Vænt flókt eignasafns	10,9%	8,5%	6,7%	6,3%	7,6%	-	16,0%

Tafla 2. Vænt ávöxtun og flókt fjárfestingarleiða sjóðsins.

1: Lífeyrisauki 1 o.s.frv.; IL: Lífeyrisauki innlán; EV: Lífeyrisauki erlend verðbréf

*Lífeyrisauki innlán: 100% fjárfestingar í innlánum og við mat á væntri raunávöxtun er miðað við verðtryggða vexti í nóvember 2025.

Fjárfestingarstefna

Stefna um eignasamsetningu

Fjárfestingarstefna Lífeyrisauka er grundvölluð á reglum sjóðsins og lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Hver fjárfestingarleið hefur sína eigin fjárfestingarstefnu. Nánari sundurliðun á þeim er að finna í fylgiskjöllum aftast í þessu skjali.

Fjárfestingarákvarðanir

Ákvarðanir um fjárfestingar skulu rúmast innan þeirra magnbundnu marka sem stjórn sjóðsins hefur sett í fjárfestingarstefnu. Jafnframt skulu fjárfestingarákvarðanir byggja á skynsemissreglunni (e. prudent person principle). Sjóðurinn leggur þannig sjálfstætt og vel ígrundað mat á eiginleika þeirra eigna sem fjárfest er í og áhrif þeirra á getu sjóðsins til að ná markmiðum sínum. Það mat getur verið misítarlegt eftir umfangi og hve áhættusöm fjárfesting er. Í greiningarvinnu, sem mismunandi er eftir eðli fjárfestinga og eignaflokkum, er gjarnan horft til verðmatsgreininga, hlutfallslegrar verðlagningar, fjárhagslegs styrks, undirliggjandi veða svo og annarra efnahagslegra og huglægra þátta.

Fjárfestingarstefna Lífeyrisauka 1

Í samræmi við það sem að framan greinir skal skipting verðbréfaeigna Lífeyrisauka 1 í grófum dráttum miðuð við þau eignamörk sem tilgreind eru í töflu 3. Um nánari skiptingu verðbréfa má sjá í töflum 4 og 5.

Fjárfestingar sjóðsins skulu vera í samræmi við heimildir í fjárfestingarstefnu og í samræmi við gildandi lög. Heimilt er að nýta vökmörk í fjárfestingarstefnu til að nýta tækifæri á mörkuðum og/eða til að draga úr áhættu. Eignasamsetning getur farið tímabundið út fyrir tilgreind mörk, m.a. vegna skyndilegra breytinga á markaðsgengi verðbréfa. Skal þá leitast við að lagfæra hlutföll í eignasamsetningu eins fljótt og mögulegt er, þó að teknu tilliti til hagsmuna sjóðsins. Eignasamsetning er innan vökmarka fyrir alla eignaflokka og hefur því ekki takmarkandi áhrif á mögulega fjárfestingarstefnu umfram ákvæði laga nr. 129/1997. Mögulegir flutningar og útgreiðsla séreignarsparnaðar hafa óveruleg áhrif á fjárfestingarleiðina í ljósi mikils seljanleika eignasafnsins.

	Eignaflokkar	Stefna	Vökmörk
A	a. Ríkisvixlar, ríkisskuldabréf og skuldabréf með ábyrgð ríkissjóðs	8%	0-100%
	b. Fasteignaveðtryggð skuldabréf	0%	0-5%
B	a. Skuldabréf bæjar- og sveitarfélaga	3%	0-15%
	b. Innlán	0%	0-20%
	c. Sértryggð skuldabréf	6%	0-20%
C	a. Skuldabréf og vixlar lánastofnana og váttryggingafélaga, undanskilið vikjandi skuldabréf	1%	0-10%
	b. Hlutdeildarskírteini og hlutir í UCITS	50%	0-90%
D	a. Skuldabréf og peningamarkaðsskjöl félaga, vikjandi skuldabréf lánastofnana og váttryggingafélaga	7%	0-20%
	b. Skuldabréf og peningamarkaðsskjöl annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu	1%	0-15%
E	a. Hlutabréf félaga	6%	0-50%
	b. Hlutdeildarskírteini og hlutir annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu	18%	0-50%
	c. Fasteignir	0%	0-1%
F	a. Afleiður	0%	0-10%
	b. Aðrir fjármálagerningar, þó ekki afleiður	0%	0-10%
	Samtals	100%	

Tafla 3. Flokkar verðbréfa.

Eignaflokkar	Stefna	Vökmörk
Innlend skuldabréf og innlán	26%	0-100%
Innlend hlutabréf	11%	0-30%
Innlendar sérhæfðar fjárfestingar	5%	0-15%
Erlend skuldabréf og innlán í erlendum gjaldeyrir	1%	0-70%
Erlend hlutabréf	49%	0-70%
Erlendar sérhæfðar fjárfestingar	8%	0-15%

Tafla 4. Nánari takmarkanir eftir eðli fjárfestinga.

Eignaflokkar	Stefna	Vökmörk
Vikjandi skuldabréf lánastofnana og váttryggingafélaga	2%	0-5%
Erlendar eignir	58%	0-100%

Tafla 5. Aðrar takmarkanir eftir eðli fjárfestinga.

Fjárfestingarstefna Lífeyrisauka 2

Í samræmi við það sem að framan greinir skal skipting verðbréfaeigna Lífeyrisauka 2 í grófum dráttum miðuð við þau eignamörk sem tilgreind eru í töflu 6. Um nánari skiptingu verðbréfa má sjá í töflum 7 og 8.

Fjárfestingar sjóðsins skulu vera í samræmi við heimildir í fjárfestingarstefnu og í samræmi við gildandi lög. Heimilt er að nýta vikmörk í fjárfestingarstefnu til að nýta tækifæri á mörkuðum og/eða til að draga úr áhættu. Eignasamsetning getur farið tímabundið út fyrir tilgreind mörk, m.a. vegna skyndilegra breytinga á markaðsgengi verðbréfa. Skal þá leitast við að lagfæra hlutföll í eignasamsetningu eins fljótt og mögulegt er, þó að teknu tilliti til hagsmuna sjóðsins. Eignasamsetning er innan vikmarka fyrir alla eignaflokka og hefur því ekki takmarkandi áhrif á mögulega fjárfestingarstefnu umfram ákvæði laga nr. 129/1997.

Mögulegir flutningar og útgreiðsla séreignarsparnaðar hafa óveruleg áhrif á fjárfestingarleiðina í ljósi mikils seljanleika eignasafnsins.

	Eignaflokkar	Stefna	Vikmörk
A	a. Ríkisvixlar, ríkisskuldabréf og skuldabréf með ábyrgð ríkissjóðs	15%	5-100%
	b. Fasteignaveðtryggð skuldabréf	0%	0-5%
B	a. Skuldabréf bæjar- og sveitarfélaga	4%	0-15%
	b. Innlán	0%	0-20%
	c. Sértryggð skuldabréf	11%	0-30%
C	a. Skuldabréf og vixlar lánastofnana og váttryggingafélaga, undanskilið vikjandi skuldabréf	1%	0-15%
	b. Hlutdeildarskírteini og hlutir í UCITS	35%	0-80%
D	a. Skuldabréf og peningamarkaðsskjöl félaga, vikjandi skuldabréf lánastofnana og váttryggingafélaga	10%	0-25%
	b. Skuldabréf og peningamarkaðsskjöl annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu	2%	0-15%
E	a. Hlutabréf félaga	4%	0-40%
	b. Hlutdeildarskírteini og hlutir annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu	18%	0-30%
	c. Fasteignir	0%	0-1%
F	a. Afleiður	0%	0-10%
	b. Aðrir fjármálagerningar, þó ekki afleiður	0%	0-10%
	Samtals	100%	

Tafla 6. Flokkar verðbréfa.

Eignaflokkar	Stefna	Vikmörk
Innlend skuldabréf og innlán	43%	5-100%
Innlend hlutabréf	9%	0-30%
Innlendar sérhæfðar fjárfestingar	5%	0-15%
Erlend skuldabréf og innlán í erlendum gjaldmiðli	1%	0-70%
Erlend hlutabréf	34%	0-70%
Erlendar sérhæfðar fjárfestingar	8%	0-15%

Tafla 7. Nánari takmarkanir eftir eðli fjárfestinga.

Eignaflokkar	Stefna	Vikmörk
Vikjandi skuldabréf lánastofnana og váttryggingafélaga	2%	0-6%
Erlendar eignir	43%	0-100%

Tafla 8. Aðrar takmarkanir eftir eðli fjárfestinga.

Fjárfestingarstefna Lífeyrisauka 3

Í samræmi við það sem að framan greinir skal skipting verðbréfaeigna Lífeyrisauka 3 í grófum dráttum miðuð við þau eignamörk sem tilgreind eru í töflu 9. Um nánari skiptingu verðbréfa má sjá í töflum 10 og 11.

Fjárfestingar sjóðsins skulu vera í samræmi við heimildir í fjárfestingarstefnu og í samræmi við gildandi lög. Heimilt er að nýta vökmörk í fjárfestingarstefnu til að nýta tækifæri á mörkuðum og/eða til að draga úr áhættu. Eignasamsetning getur farið tímabundið út fyrir tilgreind mörk, m.a. vegna skyndilegra breytinga á markaðsgengi verðbréfa. Skal þá leitast við að lagfæra hlutföll í eignasamsetningu eins fljótt og mögulegt er, þó að teknu tilliti til hagsmuna sjóðsins. Eignasamsetning er innan vökmarka fyrir alla eignaflokka og hefur því ekki takmarkandi áhrif á mögulega fjárfestingarstefnu umfram ákvæði laga nr. 129/1997.

Mögulegir flutningar og útgreiðsla séreignarsparnaðar hafa óveruleg áhrif á fjárfestingarleiðina í ljósi mikils seljanleika eignasafnsins.

	Eignaflokkar	Stefna	Vökmörk
A	a. Ríkisvixlar, ríkisskuldabréf og skuldabréf með ábyrgð ríkissjóðs	24%	10-100%
	b. Fasteignaveðtryggð skuldabréf	0%	0-10%
B	a. Skuldabréf bæjar- og sveitarfélaga	6%	0-20%
	b. Innlán	1%	0-20%
	c. Sértryggð skuldabréf	13%	0-35%
C	a. Skuldabréf og vixlar lánastofnana og váttryggingafélaga, undanskilið víkjandi skuldabréf	2%	0-15%
	b. Hlutdeildarskírteini og hlutir í UCITS	21%	0-50%
D	a. Skuldabréf og peningamarkaðsskjöl félaga, víkjandi skuldabréf lánastofnana og váttryggingafélaga	14%	0-25%
	b. Skuldabréf og peningamarkaðsskjöl annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu	2%	0-15%
E	a. Hlutabréf félaga	4%	0-40%
	b. Hlutdeildarskírteini og hlutir annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu	13%	0-30%
	c. Fasteignir	0%	0-1%
F	a. Afleiður	0%	0-10%
	b. Aðrir fjármálagerningar, þó ekki afleiður	0%	0-10%
	Samtals	100%	

Tafla 9. Flokkar verðbréfa.

Eignaflokkar	Stefna	Vökmörk
Innlend skuldabréf og innlán	61%	10-100%
Innlend hlutabréf	7%	0-20%
Innlendar sérhæfðar fjárfestingar	4%	0-15%
Erlend skuldabréf og innlán í erlendum gjaldmiðli	2%	0-75%
Erlend hlutabréf	20%	0-50%
Erlendar sérhæfðar fjárfestingar	6%	0-10%

Tafla 10. Nánari takmarkanir eftir eðli fjárfestinga.

Eignaflokkar	Stefna	Vökmörk
Víkjandi skuldabréf lánastofnana og váttryggingafélaga	3%	0-10%
Erlendar eignir	28%	0-80%

Tafla 11. Aðrar takmarkanir eftir eðli fjárfestinga.

Fjárfestingarstefna Lífeyrisauka 4

Í samræmi við það sem að framan greinir skal skipting verðbréfaeigna Lífeyrisauka 4 í grófum dráttum miðuð við þau eignamörk sem tilgreind eru í töflu 12. Um nánari skiptingu verðbréfa má sjá í töflum 13 og 14.

Fjárfestingar sjóðsins skulu vera í samræmi við heimildir í fjárfestingarstefnu og í samræmi við gildandi lög. Heimilt er að nýta vökmörk í fjárfestingarstefnu til að nýta tækifæri á mörkuðum og/eða til að draga úr áhættu. Eignasamsetning getur farið tímabundið út fyrir tilgreind mörk, m.a. vegna skyndilegra breytinga á markaðsgengi verðbréfa. Skal þá leitast við að lagfæra hlutföll í eignasamsetningu eins fljótt og mögulegt er, þó að teknu tilliti til hagsmuna sjóðsins. Eignasamsetning er innan vökmarka fyrir alla eignaflokka og hefur því ekki takmarkandi áhrif á mögulega fjárfestingarstefnu umfram ákvæði laga nr. 129/1997.

Mögulegir flutningar og útgreiðsla séreignarsparnaðar hafa óveruleg áhrif á fjárfestingarleiðina í ljósi mikils seljanleika eignasafnsins.

	Eignaflokkar	Stefna	Vökmörk
A	a. Ríkisvixlar, ríkisskuldabréf og skuldabréf með ábyrgð ríkissjóðs	29%	10-100%
	b. Fasteignaveðtryggð skuldabréf	0%	0-10%
B	a. Skuldabréf bæjar- og sveitarfélaga	8%	0-20%
	b. Innlán	1%	0-20%
	c. Sértryggð skuldabréf	17%	0-40%
C	a. Skuldabréf og vixlar lánastofnana og váttryggingafélaga, undanskilið víkjandi skuldabréf	2%	0-15%
	b. Hlutdeildarskírteini og hlutir í UCITS	12%	0-50%
D	a. Skuldabréf og peningamarkaðsskjöl félaga, víkjandi skuldabréf lánastofnana og váttryggingafélaga	17%	0-30%
	b. Skuldabréf og peningamarkaðsskjöl annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu	3%	0-15%
E	a. Hlutabréf félaga	2%	0-40%
	b. Hlutdeildarskírteini og hlutir annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu	9%	0-30%
	c. Fasteignir	0%	0-1%
F	a. Afleiður	0%	0-10%
	b. Aðrir fjármálagerningar, þó ekki afleiður	0%	0-10%
	Samtals	100%	

Tafla 12. Flokkar verðbréfa.

Eignaflokkar	Stefna	Vökmörk
Innlend skuldabréf og innlán	76%	10-100%
Innlend hlutabréf	4%	0-15%
Innlendar sérhæfðar fjárfestingar	2%	0-10%
Erlend skuldabréf og innlán í erlendum gjaldmiðli	2%	0-30%
Erlend hlutabréf	11%	0-30%
Erlendar sérhæfðar fjárfestingar	5%	0-10%

Tafla 13. Nánari takmarkanir á hlutabréfaáhættu eftir eðli fjárfestinga.

Eignaflokkar	Stefna	Vökmörk
Víkjandi skuldabréf lánastofnana og váttryggingafélaga	3%	0-10%
Erlendar eignir	18%	0-60%

Tafla 14. Aðrar takmarkanir eftir eðli fjárfestinga.

Fjárfestingarstefna Lífeyrisauka 5 innlendra skuldabréfa

Fjárfestingar í Lífeyrisauka 5 skulu vera í innlendum skuldabréfum. Breyting hefur verið gerð á leiðunum. Sú leið sem áður hét Lífeyrisauki innlend skuldabréf verður nú að Lífeyrisauka 5 og sú leið sem var áður Lífeyrisauki 5 og einkenndist af innlánnum mun heita Lífeyrisauki innlán. Í samræmi við það sem að framan greinir skal skipting verðbréfaeigna Lífeyrisauka 5 í grófum dráttum miðuð við þau eignamörk sem tilgreind eru í töflu 15. Um nánari skiptingu verðbréfa má sjá í töflum 16 og 17.

Fjárfestingar sjóðsins skulu vera í samræmi við heimildir í fjárfestingarstefnu og í samræmi við gildandi lög. Heimilt er að nýta vikmörk í fjárfestingarstefnu til að nýta tækifæri á mörkuðum og/eða til að draga úr áhættu. Eignaskipting getur farið tímabundið út fyrir tilgreind mörk, m.a. vegna skyndilegra breytinga á markaðsgengi verðbréfa. Skal þá leitast við að lagfæra hlutföll í eignasamsetningu eins fljótt og mögulegt er, þó að teknu tilliti til hagsmuna sjóðsins. Eignasamsetning er innan vikmarka fyrir alla eignaflokka og hefur því ekki takmarkandi áhrif á mögulega fjárfestingarstefnu umfram ákvæði laga nr. 129/1997.

Mögulegir flutningar og útgreiðsla séreignarsparnaðar hafa óveruleg áhrif á fjárfestingarleiðina í ljósi mikils seljanleika eignasafnsins.

	Eignaflokkar	Stefna	Vikmörk
A	a. Ríkisvixlar, ríkisskuldabréf og skuldabréf með ábyrgð ríkissjóðs	30%	10-100%
	b. Fasteignaveðtryggð skuldabréf	0%	0-10%
B	a. Skuldabréf bæjar- og sveitarfélaga	10%	0-20%
	b. Innlán	1%	0-35%
	c. Sértryggð skuldabréf	30%	0-50%
C	a. Skuldabréf og vixlar lánastofnana og váttryggingafélaga, undanskilið vikjandi skuldabréf	7%	0-15%
	b. Hlutdeildarskírteini og hlutir í UCITS	0%	0-25%
D	a. Skuldabréf og peningamarkaðsskjöl félaga, vikjandi skuldabréf lánastofnana og váttryggingafélaga	18%	0-35%
	b. Skuldabréf og peningamarkaðsskjöl annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu	4%	0-15%
E	a. Hlutabréf félaga	0%	0-5%
	b. Hlutdeildarskírteini og hlutir annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu	0%	0-30%
	c. Fasteignir	0%	0-1%
F	a. Afleiður	0%	0-10%
	b. Aðrir fjármálagerningar, þó ekki afleiður	0%	0-10%
	Samtals	100%	

Tafla 15. Flokkar verðbréfa.

Eignaflokkar	Stefna	Vikmörk
Innlend skuldabréf og innlán	100%	10-100%
Innlend hlutabréf	0%	0-2%
Innlendar sérhæfðar fjárfestingar	0%	0-2%
Erlend skuldabréf og innlán í erlendum gjaldmiðli	0%	0-5%
Erlend hlutabréf	0%	0-2%
Erlendar sérhæfðar fjárfestingar	0%	0-2%

Tafla 16. Nánari takmarkanir eftir eðli fjárfestinga.

Eignaflokkar	Stefna	Vikmörk
Vikjandi skuldabréf lánastofnana og váttryggingafélaga	3%	0-10%
Erlendar eignir	0%	0-50%

Tafla 17. Aðrar takmarkanir eftir eðli fjárfestinga.

Fjárfestingarstefna Lífeyrisauka innlána

Fjárfestingar Lífeyrisauka innlána (áður Lífeyrisauka 5) skulu vera í innlánnum. Gæta þarf að því að eiga nægjanlegt laust fé til þess að mæta mögulegum flutningum og útgreiðslu séreignarsparnaðar.

	Eignaflokkar	Stefna	Vikmörk
A	a. Ríkisvixlar, ríkisskuldabréf og skuldabréf með ábyrgð ríkissjóðs	0%	0%
	b. Fasteignaveðtryggð skuldabréf	0%	0%
B	a. Skuldabréf bæjar- og sveitarfélaga	0%	0%
	b. Innlán	100%	100-100%
	c. Sértryggð skuldabréf	0%	0%
C	a. Skuldabréf og vixlar lánastofnana og váttryggingafélaga, undanskilið vikjandi skuldabréf	0%	0%
	b. Hlutdeildarskírteini og hlutir í UCITS	0%	0%
D	a. Skuldabréf og peningamarkaðsskjöl félaga, vikjandi skuldabréf lánastofnana og váttryggingafélaga	0%	0%
	b. Skuldabréf og peningamarkaðsskjöl annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu	0%	0%
E	a. Hlutabréf félaga	0%	0%
	b. Hlutdeildarskírteini og hlutir annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu	0%	0%
	c. Fasteignir	0%	0%
F	a. Afleiður	0%	0%
	b. Aðrir fjármálagerningar, þó ekki afleiður	0%	0%
	Samtals	100%	

Tafla 18. Flokkar verðbréfa.

Eignaflokkar	Stefna	Vikmörk
Innlend skuldabréf og innlán	100%	100-100%
Innlend hlutabréf	0%	0%
Innlendar sérhæfðar fjárfestingar	0%	0%
Erlend skuldabréf og innlán í erlendum gjaldmiðli	0%	0%
Erlend hlutabréf	0%	0%
Erlendar sérhæfðar fjárfestingar	0%	0%

Tafla 19. Nánari takmarkanir á hlutabréfaáhættu eftir eðli fjárfestinga.

Eignaflokkar	Stefna	Vikmörk
Vikjandi skuldabréf lánastofnana og váttryggingafélaga	0%	0%
Erlendar eignir	0%	0%

Tafla 20. Aðrar takmarkanir eftir eðli fjárfestinga.

Fjárfestingarstefna Lífeyrisauka erlendra verðbréfa

Í samræmi við það sem að framan greinir skal skipting verðbréfaeigna Lífeyrisauka erlendra verðbréfa í grófum dráttum miðuð við þau eignamörk sem tilgreind eru í töflu 21. Um nánari skiptingu verðbréfa má sjá í töflum 22 og 23.

Fjárfestingar sjóðsins skulu vera í samræmi við heimildir í fjárfestingarstefnu og í samræmi við gildandi lög. Heimilt er að nýta vikmörk í fjárfestingarstefnu til að nýta tækifæri á mörkuðum og/eða til að draga úr áhættu. Eignaskipting getur farið tímabundið út fyrir tilgreind mörk, m.a. vegna skyndilegra breytinga á markaðsgengi verðbréfa. Skal þá leitast við að lagfæra hlutföll í eignasamsetningu eins fljótt og mögulegt er, þó að teknu tilliti til hagsmuna sjóðsins. Eignasamsetning er innan vikmarka fyrir alla eignaflokka og hefur því ekki takmarkandi áhrif á mögulega fjárfestingarstefnu umfram ákvæði laga nr. 129/1997.

Mögulegir flutningar og útgreiðsla séreignarsparnaðar hafa óveruleg áhrif á fjárfestingarleiðina í ljósi mikils seljanleika eignasafnsins.

	Eignaflokkar	Stefna	Vikmörk
A	a. Ríkisvixlar, ríkisskuldabréf og skuldabréf með ábyrgð ríkissjóðs	6%	0-100%
	b. Fasteignaveðtryggð skuldabréf	0%	0-5%
B	a. Skuldabréf bæjar- og sveitarfélaga	0%	0-10%
	b. Innlán	1%	0-30%
	c. Sértryggð skuldabréf	0%	0-10%
C	a. Skuldabréf og vixlar lánastofnana og váttryggingafélaga, undanskilið vikjandi skuldabréf	0%	0-10%
	b. Hlutdeildarskírteini og hlutir í UCITS	88%	0-100%
D	a. Skuldabréf og peningamarkaðsskjöl félaga, vikjandi skuldabréf lánastofnana og váttryggingafélaga	0%	0-20%
	b. Skuldabréf og peningamarkaðsskjöl annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu	0%	0-15%
E	a. Hlutabréf félaga	0%	0-70%
	b. Hlutdeildarskírteini og hlutir annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu	5%	0-60%
	c. Fasteignir	0%	0-1%
F	a. Afleiður	0%	0-10%
	b. Aðrir fjármálagerningar, þó ekki afleiður	0%	0-10%
	Samtals	100%	

Tafla 21. Flokkar verðbréfa.

Eignaflokkar	Stefna	Vikmörk
Innlend skuldabréf og innlán	1%	0-100%
Innlend hlutabréf	0%	0-10%
Innlendar sérhæfðar fjárfestingar	0%	0-5%
Erlend skuldabréf og innlán í erlendum gjaldmiðli	14%	0-100%
Erlend hlutabréf	80%	0-90%
Erlendar sérhæfðar fjárfestingar	5%	0-15%

Tafla 22. Nánari takmarkanir eftir eðli fjárfestinga.

Eignaflokkar	Stefna	Vikmörk
Vikjandi skuldabréf lánastofnana og váttryggingafélaga	0%	0-6%
Erlendar eignir	99%	0-100%

Tafla 23. Aðrar takmarkanir eftir eðli fjárfestinga.

Önnur atriði

Skilyrðin hér að neðan eiga við allar fjárfestingarleiðir Lífeyrisauka nema annað sé tekið fram.

Viðmiðunarvísitölur

Gert er ráð fyrir að viðmiðunarvísitölur fjárfestingarleiða sjóðsins séu samsettar úr þeim vísitölum sem koma fram í töflu 24 þar sem vægi hversar vísitölu miðast við fjárfestingarstefnu hversrar leiðar. Viðmið tekur gildi 31.12.2025 og verður endurskoðað samhliða næstu endurskoðun á fjárfestingarstefnu. Í töflu 25 er að finna líftíma (e. duration) og verðtryggingarhlutfall viðmiðunarvísitalnanna, þ.e. fyrir innlendu skuldabréfin.

Viðmiðunarvísitölur	1	2	3	4	5	IL	EV
Innlend skuldabréf							
RIKB 27 0415	1,6%	2,6%	3,7%	4,6%	12,8%	-	-
RIKB 28 1115	1,5%	2,5%	3,5%	4,4%	12,2%	-	-
RIKB 31 0124	1,6%	2,6%	3,7%	4,6%	-	-	-
RIKB 35 0917	1,1%	1,8%	2,6%	3,2%	-	-	-
RIKB 38 0215	0,3%	0,5%	0,8%	0,9%	-	-	-
RIKB 42 0217	0,4%	0,7%	1,1%	1,3%	-	-	-
RIKS 29 0917	4,2%	7,0%	9,9%	12,3%	43,0%	-	-
RIKS 30 0701	6,8%	11,2%	16,0%	20,0%	32,0%	-	-
RIKS 33 0321	4,5%	7,5%	10,5%	13,2%	-	-	-
RIKS 37 0115	2,5%	4,1%	5,8%	7,2%	-	-	-
RIKS 50 0915	1,5%	2,4%	3,4%	4,3%	-	-	-
Verðtryggð innlán (Lífeyrisbók)	-	-	-	-	-	100,0%	-
REIBOR							1%
Erlend Skuldabréf							
